

## Öldungaráð

Ár 2021, mánudaginn 11. janúar var haldinn 50. fundur öldungaráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 9.31. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Berglind Eyjólfsdóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir, Viðar Eggertsson, Sigurbjörg Gísladóttir, Baldur Magnússon, Álfhildur Hallgrímsdóttir, Rannveig Ernudóttir og Eva Kristín Hreinsdóttir. Fundinn sat einnig Berglind Magnúsdóttir áheyrnarfulltrúi, með fjarfundarbúnaði. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Lagt fram fundadagatal öldungaráðs vor 2021. R20090061  
Samþykkt.
2. Fram fer kynning á samningi velferðarsviðs um heimahjúkrun. R21010100
  - Kl. 9.46 tekur Ólafur Kr. Guðmundsson sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.
  - Kl. 9.55 tekur Anna Kristinsdóttir sæti á fundinum.
3. Fram fer kynning á verkefninu Tæknilæsi fullorðna. R21010096  
Samþykkt er að fela formanni öldungaráðs og Ólafi Kr. Guðmundssyni að leita leiða um hvernig best er að fylgja verkefninu eftir.
  - Kl. 10.31 viku Berglind Magnúsdóttir af fundinum.
4. Lagt fram bréf nefndasviðs dags. 17. desember 2020, með beiðni um umsögn öldungaráðs vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun gegn öldrunarfordómum, 157. mál. R20120167

Öldungaráð leggur fram svohljóðandi umsögn:

Öldungaráð Reykjavíkur fagnar þingsályktunartillögu 151. löggjafarþings um aðgerðaráætlun gegn öldrunarfordómum. Tillagan er ýtarlega útfærð og vönduð og fær fullan stuðning öldungaráðsins.

5. Lögð fram umsögn velferðarsviðs dags. 18. nóvember 2020, um erindi Selsins, sbr. 6. lið fundargerðar velferðarráðs 18. nóvember 2020. R20090053
6. Lögð fram umsögn öldungaráðs dags. 15. desember 2020, um deiliskipulag Reykjavíkurborgar. R20100393
7. Lagt fram svar við fyrirspurn fulltrúa Félags eldri borgara um umsögn öldungaráðs vegna hagsmunafulltrúa aldraðra, sbr. 5. lið fundargerðar öldungaráðs frá 7. desember 2020. R20120104
8. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn öldungaráðs:

Öldungaráð Reykjavíkur spyr hver staðan er hjá Selinu Sléttuvegi 11 - 13 í dag og hvernig fyrirhuguðu söluférlí Reykjavíkurborgar er háttað. R20090053

Vísað til umsagnar velferðarsviðs.

**Fundi slitið kl. 11.30**

Berglind Eyjólfsdóttir

Baldur Magnússon  
Sigurbjörg Gísladóttir  
Eva Kristín Hreinsdóttir  
Álfhildur Hallgrímsdóttir

Ólafur Kr. Guðmundsson  
Ingibjörg Sverrisdóttir  
Rannveig Ernudóttir  
Viðar Eggertsson